

2303. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn fimmtudaginn 7. desember 2023 og hófst kl. 16:00. Fundurinn var haldinn á Laugardalsvelli.

Mættir stjórnarmenn: Vanda Sigurgeirsdóttir formaður, Borghildur Sigurðardóttir varaformaður, Sigfús Ásgeir Kárason varaformaður, Halldór Breiðfjörð Jóhannsson, Helga Helgadóttir (tók sæti á fundi kl. 16:35), Ívar Ingimarsson, Pálmi Haraldsson, Tinna Hrund Hlynsdóttir og Unnar Stefán Sigurðsson.

Mættir varamenn: Hildur Jóna Þorsteinsdóttir, Jón Sigurður Pétursson og Jón Rúnar Halldórsson.

Mættir fulltrúar landshluta: Eva Dís Pálmadóttir, Ómar Bragi Stefánsson og Trausti Hjaltason.

Mættur framkvæmdastjóri: Klara Bjartmarz sem ritaði fundargerð.

Mættur deildarstjóri samskiptadeildar: Ómar Smárason sem tók sæti á fundinum undir dagskrárlið 2.

Fjarverandi: Orri V. Hlöðversson, Sigrún Ríkharðsdóttir (varamaður í stjórn) og Oddný Eva Böðvarsdóttir (landshlutafulltrúi VL).

Fundargögn:

- Fundargerð fundar 2302
- Tillaga að breytingu á reglugerð KSÍ um félagskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga
- Tillaga að breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga
- Tillaga að breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót
- Svarbréf frá ÍSÍ varðandi afrekssjóð
- Minnisblað um leikmannaval KSI

-
1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar var þegar samþykkt.
 - a. Fundargerð 2302.

Ómar Smárason deildarstjóri samskiptadeildar tók sæti á fundinum.

2. Stefnumótun KSÍ
 - a. Ómar Smárason kynnti vinnu við stefnu KSÍ 2023-2026 fyrir stjórn KSÍ, fór yfir forsöguna sem nær aftur til 2021, og þá vinnu sem er framundan við innleiðingu og eftirfylgni. Stefnan er unnin með stuðningi og ráðgjöf UEFA Grow, en nú þegar hafa 40 knattspyrnusambönd í Evrópu gengið í gegnum sambærilegt ferli.

Ómar Smárason deildarstjóri samskiptadeildar vék af fundi.

3. Laugardalsvöllur
 - a. Rétt var um val á yfirborðsefni á Laugardalsvöll og fór Vanda Sigurgeirsdóttir formaður yfir forsögu málsins, en mikil upplýsingasöfnun hefur átt sér stað undanfarna mánuði. Stjórn viðraði m.a. áhyggjur af stofnlögn sem liggur undir vellinum og var lögð á árunum 1950 og 1955, áhættu við nýjung (hybrid gras) á þjóðarleikvangi o.fl. Rétt er að halda því til haga að núverandi gras á vellinum var lagt árið 1972. *Stjórn KSÍ samþykkti að leggja til við eiganda Laugardalsvallar, Reykjavíkurborg, að lagt verði hybrid gras með undirhita á völlinn án tafar.* Formanni KSÍ, Vöndu Sigurgeirsdóttur, var falið að koma sjónarmiðum stjórnar á framfæri við Reykjavíkurborg sem fyrst.
4. Málefni landshluta
 - a. Rétt um málefni landshluta og KSÍ þakkar landshlutafulltrúum fyrir góðar skýrslur og gott starf á árinu.

5. Ársþing KSÍ 2024
 - a. *Stjórn KSÍ samþykkti að boða til 77. ársþings KSÍ laugardaginn 24. febrúar 2024 í félagsaðstöðu Fram í Úlfarsárdal.*
 - b. Rætt um málþing í tengslum við ársþingið sem haldið verður að venju daginn fyrir þing, föstudaginn 23. febrúar. Þá er einnig gert ráð fyrir sérstökum kynningarfundum um tillögur og mál sem verða á dagskrá þingsins, í vikunni fyrir þing.

6. Mótamál
 - a. Helga Helgadóttir formaður mótanefndar fór yfir undirbúning fyrir komandi tímabil en m.a. hefur verið fundað með félögum í Bestu deildum karla og kvenna varðandi niðurröðun.

7. Dómaramál
 - a. Halldór B. Jóhannsson formaður dómara nefndar fór yfir annál dómaramála árið 2023. Um er að ræða lengsta Íslandsmót frá upphafi, 201 dagur. Starfsmenn dómaramála röðuðu dómurum á 5878 störf árið 2023 sem er aukning um 400 störf á milli ára. Sérstök ánægja er með fjölgun kvenkyns dómara á ársinu. Í janúar hefst aftur hæfileikamótun ungra dómara en það verkefni hefur legið niðri um árabíl. Halldór ræddi mikilvægi þess að VAR þjálfun alþjóðadómara hefjist sem fyrst svo íslenskir dómara sitji ekki eftir í erlendum verkefnum.

8. Lög og reglugerðir
 - a. Lögð var fram tillaga að breytingu á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Breytingartillögur varða ný ákvæði um tímabundin félagaskipti og gera ráð fyrir takmörkunum m.a. á fjölda tímabundinna félagaskipta. *Stjórn KSÍ samþykkti að vísa tillögunni til umsagnar hjá ÍTF og LSÍ. Að því loknu verður tillagan að teknu tilliti til athugasemda tekin til afgreiðslu á fundi stjórnar.*
 - b. Lögð var fram tillaga að breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga. *Stjórn KSÍ samþykkti tillöguna.*
 - c. Lögð var fram tillaga að breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, annars vegar um knattspyrnuvelli og flutning milli deilda í meistaraflokkum. *Stjórn KSÍ samþykkti þann hluta tillögunnar sem snýr að flutningi liða á milli deilda. Hvað varðar þann hluta tillögunnar sem snýr að knattspyrnuvöllum er beðið umsagnar ÍTF og einnig hefur mótanefnd tillögu LLR til skoðunar. Afgreiðslu málsins var því frestað.*

9. Önnur mál
 - a. Lagt var fram svarbréf frá ÍSÍ varðandi afrekssjóð ÍSÍ. Vilji stjórnar stendur til þess að skoða grundvöll ákvörðunar framkvæmdastjórnar ÍSÍ.
 - b. *Stjórn KSÍ samþykkti að hafa leikmanna- og knattspyrnuval KSÍ óbreytt frá fyrri árum.*
 - c. Lagðar voru fram til kynningar niðurstöður úr þjónustukönnun KSÍ. Heilt yfir og almennt er mikill meirihluti svarenda ánægður með þá þjónustu sem KSÍ veitir aðildarfélögum, sem og stuðning og samskipti við félögin og þeirra fulltrúa. Um og vel yfir 70 prósent svarenda eru t.a.m. ánægðir með þjónustu KSÍ við aðildarfélög.
 - d. Jón Rúnar Halldórsson bar fram fyrirspurn um skattamál hreyfingarinnar. Framkvæmdastjóri KSÍ var til svara.

Næstu stjórnarfundir:

- 10. janúar 2024
- 31. janúar 2024
- 14. febrúar 2024
- 23. febrúar 2024, stór stjórnarfundur

Fleira var ekki tekið til umræðu og var fundi slitið kl. 18:30